

Ed.

727. Nefndarálit

[260. mál]

um frv. til laga um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum. Við afgreiðslu frumvarpsins í nefndinni voru fjarstaddir tveir nefndarmenn, Ólafur Jóhannesson og Steingrímur Hermannsson. Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldum

BREYTINGUM:

Við 6. gr.

1. Fyrsti málslíður orðist svo:

Skólinn skal staðsettur á Suðvesturlandi.

2. Önnur málsgrein orðist svo:

Á árunum 1972—75 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum.

Alþingi, 30. marz 1971.

Jón Árnason,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.

Sveinn Guðmundsson.

Gils Guðmundsson.

Axel Jónsson.